



MARGBREYTILEIKI Í MÁLI OG MYNDUM

LEIÐBEININGAR FYRIR STARFSFÓLK BORGARINNAR



Innihald

Inngangur	3
Gildi margbreytileikans	4
Staðalímyndir	5
Siðferði og ábyrgð	6
Orðanotkun	7
Gátlisti	8
Myndbirtingar	9
Orðalag	10
Starfsauglýsingar	10
Lykilspurningar	11

Inngangur

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948 er kveðið á um að sérhver manneskja sé borin frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar byggir á þessari jafnræðisreglu og hafa borgaryfirvöld skuldbundið sig til að vinna að mannréttindum á fjórum meginsviðum; sem stjórnvald, sem atvinnurekandi, sem veitandi þjónustu og sem samstarfsaðili. Í stefnunni er m.a. kveðið á um hvernig vinna megi að því að jafna hlutfall kynja og tryggja starfsmönnum af erlendum uppruna jafnræði svo þeir njóti hæfni sinnar og fái störf í samræmi við hana. Þá er kveðið á um að upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar skuli vera aðgengilegt og auðskilið á tungumálum þeirra þjóðarhópa sem fjölmennastir eru í Reykjavík, s.s. á vef, prentuðu efni og auglýsingum, **sjá mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.**

Allir eiga jafnt tilkall til mannréttinda án tillits til uppruna, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis, aldurs, fötlunar eða annarra aðstæðna. Mannréttindi eru tryggð í stjórnarskrá Íslands, líkt og jafnrétti kynja, en brýnt er að vera vakandi yfir grunninntaki þeirra og mikilvægi.

Meðal þess sem vinnur gegn mannréttindum er einsleit og stöðluð framsetning á upplýsingum um hópa fólks. Ein birtingarmynd slíkrar einföldunar eru svokallaðar staðalímyndir sem birta fyrirfram gefin auðkenni hjá ákveðnum hópum í samfélaginu. Slík auðkenni eru menningarbundin og hafa orðið til í gegnum söguna með síendurteknum birtingum. Staðalímyndir geta þannig verið hluti af daglegu umhverfi okkar en eru ekki síður liður í markaðssetningu þar sem fólk er hólfað niður í hópa til að auka neyslu þeirra og þar með framleiðslu. Staðalímyndir móta því sýn okkar og væntingar til samfélagsins.

Staðalímyndir kynja og kynímyndir með kynferðislegum undirtónum vísa til ríkjandi hugmynda í samfélaginu um hvað það þýðir að vera kona eða karl og hvaða hlutverki við gegnum sem slík. Staðalímyndir um þjóðerni vísa til ríkjandi hugmynda um stöðu og virðingarsess í samfélaginu og hvers megi vænta af fólki af erlendum uppruna.

Það felst í orðinu staðalímynd að hún er einföld, öfgafull, íhaldssöm, yfirborðskennd og óraunsæ og hún getur því alið á fordómum sem mismuna bæði konum og körlum, ungum og gömlum og fólki af ýmsu þjóðerni, atgervi og trú. Úreltar hugmyndir um hlutverk kynja og sleggjudómar um útlendinga sem birtast okkur í texta og mynd eru í andstöðu við grunninntak mannréttinda og jafnréttisлага.

Fjölmiðlar skapa og viðhalda kynímyndum og staðalímyndum enda miðast markaðssetning oft á tíðum við kynið. Í fjölmiðlum eru hin „eðlilegu kynhlutverk“ sett á svið með ýmsu móti, og staðfest með endurtekningunni, hvort heldur í texta eða mynd. Á sama hátt er margbreytileiki mannlífsins oft hunsaður í myndrænni framsetningu og látið hjá líða að sýna fötlun fólks, ólíkan uppruna, ólíkar fjölskyldugerðir o.s.frv. Það er því nauðsynlegt að allir sem vinna við útgáfu, auglýsingar og samskipti við fjölmiðla séu gagnrýnir og meðvitaðir um staðalímyndirnar til að vinna megi gegn fordómum sem þær ala á.

Þessi bæklingur er leiðbeinandi um leiðir til að vinna gegn stöðluðum kynímyndum og ranghugmyndum um fólk af ólíkum uppruna og atgervi, hvort heldur er í orðanotkun, myndbirtingu og annarri framsetningu á útgefnu efni á vegum borgarinnar. Í honum eru nokkur einföld ráð til að efla virðingu fyrir grundvallarmannréttindum og auka vitund um gildi margbreytileikans.

Gildi margbreytileikans

Hugtakið margbreytileiki nær til jafnréttis og jafnræðis fólks á öllum sviðum og á öllum aldri, jafnréttis kynja, jafnréttis fólks óháð uppruna og jafnréttis fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga. Á öllum þessum sviðum þarf að vinna með viðhorf og virðingu og rétta hlut þeirra sem standa höllum fæti.

Í flestum borgum Evrópu býr fólk af ólíkum uppruna og með ólíkan menningarbakgrunn. Unnið er að því með ýmsu móti að tryggja aðlögun þeirra að borgarsamfélaginu til að koma í veg fyrir mismunun og félagslega einangrun. Í menningarlegum margbreytileika felst nefnilega mikill samfélagsauður, hvort heldur litið er til uppruna, efnahags, aldurs eða annarra félagslegra þátta. Þessi sameiginlega auðlind þrífst í samspili fólks úr mörgum menningarkimur og það má nýta hana til að byggja upp sterkara samfélag.

Borgaryfirvöld geta lagt sitt af mörkum til að gera samfélagsauð margbreytileikans sýnilegan og sýnt í orði og mynd að vinnustaðir borgarinnar bera virðingu fyrir sérhverjum starfsmanni og verðleikum hans. Þar fá þeir að nýta hæfileika sína til fulls og til hagsbóta fyrir borgarbúa og borgarmenninguna. Starfsmenn með margvíslega þekkingu og hæfileika svo og tungumálakunnáttu, víðsýni og innsýn í önnur menningarsamfélög, auka framleiðni og brjóta nýtt land í viðhorfum og samskiptum.

Sérhver borgarbúi á í samskiptum sínum við starfsmenn borgarinnar að mæta sama viðmóti og eiga sama rétt og möguleika á þjónustu. Það er forsenda þess að honum finnist hann njóta jafnræðis og tilheyrja borgarsamfélaginu, forsenda aðlögunar að nýju samfélagi og að ekki verði til jaðarhópar og einstaklingar sem lifa í einangrun. Með því að sýna margbreytileikanum virðingu má vinna gegn fordómum og tryggja öllum jöfn tækifæri í þjónustu borgarinnar og innan borgarkerfisins. Þannig vinnum við að jöfnuði og félagslegri sátt.

Viðhorf um gildi menningarlegs margbreytileika mótast snemma og því er það starf sem unnið er í skóla og frístundastarfi á vegum borgarinnar afar mikilvægt. Þar er lögð áhersla á að styrkleikar barnahópsins og samfélagsins alls felist í fjölbreytninni. Í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi eru öll viðfangsefni og öll samskipti fordómalaus og virðing er borin fyrir öllum. Leitast er við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sína og þekkingu. Þannig venjast börn því frá unga aldri að eðlilegt sé og sjálfsagt að enginn sé eins. Engu að síður sýna rannsóknir að börn af erlendum uppruna standa jafnan neðar í virðingarstiga barnanna í leikskólanum og grunnskólanum. Þau eiga oft erfiðara með að láta að sér kveða í námi og félagsstarfi. Taka þarf mið af þörfum barna af erlendum uppruna og veita þeim sérstakan stuðning, svo og fjölskyldum þeirra. Slíkt felst m.a. í að veita aðgengilegar upplýsingar um þjónustu borgarinnar á fjölbreyttan hátt bæði á ólíkum tungumálum og með einfaldri myndrænni framsetningu. Einnig þarf að vinna markvisst að virkri þátttöku allra borgarbúa m.a. með því að vinna gegn hvers kyns fordómum og að gagnvirkum samskiptum nýrra íbúa og þeirra sem fyrir eru. Þá er mikilvægt að viðfangsefni og þau námsgögn sem unnið er með endurspegli fjölbreytileika mannlífsins, s.s. við val á á bókum sem lesnar eru, myndum á veggjum, leikfni, leikjum og verkefnum.

Gildi þess að gera margbreytileikann sýnilegan felst í að:

- Tryggja jafnræði og jafna möguleika fyrir alla.
- Sýna fram á að við erum öll einstök og mikilsverð.
- Sýna að auður býr í ólíku fólki sem vinnur saman.

Staðalmyndir

Staðalmyndir birtast okkur víða; í myndum glansblaðanna, í auglýsingum, fréttum og öðru útgefnu efni. Þær birta ítrekuð skilaboð um hvað telst „eðlilegt“ en hafa þó oft á tíðum lítið að gera með raunveruleikann. Staðalmyndir einfalda þannig og hlutgera í orðum og mynd sérkenni og gjörðir eins samfélagshóps sem á eitthvað eitt sameiginlegt og stuðlar að einsleitum og jafnvel neikvæðum viðhorfum í hans garð. Staðalmyndir geta byggst á fyrirfram gefnum skoðunum um konur og karla, um fólk af ákveðinni trú eða ákveðnum uppruna eða sleggjudómum um fólk sem stendur utangarðs í samfélaginu. Því er mikilvægt að vera vakandi fyrir stöðluðum ímyndum og vinna gegn þeim.

Þegar fjallað er um konur eða karla sem hlutgerðan eða valdalausán hóp, hóp sem fyrirfram er gefin einhver útlitseinkunn með mynd- eða orðavali, þá er verið að staðfesta úrelta staðalmynd. Óþarfi er því að tíunda útlit kvenna og karla, hjúskaparstöðu eða fjölskylduhagi og ber fremur að leggja áherslu á hæfileika og áhrif þeirra. Á sama hátt er ekki ákjósanlegt að fjalla um íslenska ríkisborgara af erlendum uppruna sem einsleitán hóp með gildishlöðnu eða neikvæðu orðalagi. Slíkt getur verið meiðandi og beinlínis rangt. Fólk sem kys félagskap hvers annars vegna vináttu, menningartengsla eða fjölskyldubanda er hvorki „gengi“ eða jaðarhópur. Slík orðanotkun eða lýsingar á einsleitni tilgreindra þjóðfélagshópa stuðlar að því að gera þá tortryggilega.

Í auglýsingum er gengið hvað lengst í ímyndasköpun og einföldunum. Þær endurspegla því hvað best hefðbundnar staðalímyndir. Þær konur sem birtast okkur t.d. í auglýsingum eru jafnan ungar, grannar, gagnkynhneigðar og hvítar, þær birta okkur ákveðinn fegurðarstaðal eða viðmið þar sem hæfni skiptir engu. Slíkar auglýsingar, sem ítrekuð skilaboð, geta því verið félagslega mótandi fyrir ómótaða einstaklinga.

Reykjavíkurborg hefur í mannréttindastefnu borgarinnar markað sér stefnu varðandi auglýsingar. Þar er kveðið á um að hvorki skuli í orði né mynd mismuna kynjum í auglýsingum. Einnig skal leitast við að höfða til ólíkra samfélagshópa og stefna að því að margbreytileikinn fái notið sín á hverjum vinnustað.



Myndbirtingar

Myndir eru áhrifaríkur miðill og segja oft meira en þúsund orð. Myndbirting undirstrikar vægi fólks og hlutverk í samfélaginu, segir okkur hvaða einstaklingur er í forgrunni, hver hefur völd og ábyrgð og hverjir eru valdlausir. Myndin hefur sitt eigið mál, byggir við textann og gefur honum nýja vídd.

Þegar myndir eru valdar til birtingar þarf að huga að hlutfalli kynja, samsetningu fólks, nafnbirtingu og að samþykki allra fyrir því að myndin sé birt sé fyrir hendi.

Þegar börn eiga í hlut þarf að liggja fyrir samþykki foreldris/forráðamanns fyrir því að taka megi mynd af barninu og birta hana. Góð vinnuregla er því að birta fremur mynd af barnahópi en mynd þar sem eitt barn eða tvö eru í forgrunni. Stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar bera ábyrgð á myndatökum á sínum vinnustað, upplýsingum um þær til foreldra og að fyrir liggi samþykki þeirra.

Gæta þarf virðingar og varúðar í öllum myndbirtingum, sérstaklega af notendum velferðar- og félagsþjónustu á vegum borgarinnar. Í sambýlum, búsetukjörnum og fjölskylduheimilum á vegum borgarinnar eru ekki teknar myndir nema fyrir liggi samþykki íbúa og forráðamanna þeirra, enda gilda þar sömu reglur og um friðhelgi heimilis.

Ekki ber að birta myndir leiki nokkur vafi á því að þær geti sært blygðunarkennd áhorfandans, s.s. ef fólk er fáklætt eða að lesa megi kynferðislega undirtóna í myndefninu.

Fólk er alls konar og af ólíkum uppruna, en allir búa yfir hæfileikum og styrk. Leitumst við að setja styrk einstaklingsins í forgrunn í myndefni á vegum borgarinnar og gerum margbreytileikann sýnilegan þegar þess er kostur. Það getum við t.d. gert með því að hafa myndefnið óhefðbundið og láta það endurspeglar okkar fjölmennningarlega samfélag, sýna margbreytilegar fjölskyldumyndir, sýna fatlaða og ófatlaða á jafnréttisgrundvelli og unga og aldna saman í leik og starfi.

Orðanotkun

Þeir sem skrifa fyrir hönd stjórnvalds eins og Reykjavíkurborgar verða að vera meðvitaðir um að textinn þarf að vera hlutlægur og skýr. Hann þarf að vera skipulega fram settur og brotinn upp í afmarkaðar leseiningar. Einnig þarf sá sem skrifar að vera meðvitaður um fyrir hvaða markhópa efnið miðast við, unga, aldna, leshamlaða, innflytjendur o.s.frv. Forðast skal gildishlaðin orð eða sterk lýsingaorð og gæta meðalhófs í öllum lýsingum.

Niðrandi og misvísandi orðalag

Niðrandi og misvísandi orðalag getur stundum birst án þess að markmiðið sé að mismuna eða særa. Orðanotkun getur þannig dregið fram ímynd þess ákjósanlega eða þess ámælisverða án þess að við séum alltaf meðvituð um það. Því þarf að huga að því hvaða orð eru notuð til að lýsa ólíkum hópum og einstaklingum, s.s. annars vegar konum og hins vegar körlum og gjörðum þeirra. Hver eru jákvæðustu orðin, hver eru þau neikvæðustu, hverjir fá mesta hrósið og af hverju?

Oft er það svo að orð fá gildishlaðinn og neikvæðan tón þegar þau eru notuð sem uppnefni í daglegu máli. Slík orð geta líka fengið nýjan sess ef þeir sem í hlut eiga snúa neikvæðninni upp í andhverfu sína. Dæmi um slíkt eru orðin hommi og lesbía sem samkynhneigðir gerðu að sínum á níunda áratug síðustu aldar en voru árum saman notuð í niðrandi merkingu. Dæmi um orð sem úreltist fljótt er nýbúi, sem hætt var að nota vegna neikvæðrar samfélagsumræðu, og sama gildir um orð um fatlað og þroskahamlað fólk í gegnum tíðina. Forðumst alla orðanotkun sem geta haft neikvæðan hljóm í samtímanum og verið meiðandi fyrir einstaklinga. Leitum ráða hjá þeim sem gerst þekkja málaflökkinn ef við erum í vafa um orðanotkun.

Kynjað orðalag

Í tungumálinu felst mikil kynjun sem á sér sögulegar rætur, s.s. orðtök sem eiga uppruna sinn í atvinnuháttum þar sem störf karla voru metin meira en kvenna. Enn er það svo að störf sem tengjast verklegum framkvæmdum og fjármálasýslu eru meira metin en umönnunarstörf í samfélaginu. Hlutur kynja í þessum geirum er ójafn. Í umfjöllun um störf tengdum framkvæmdum og fjármálum hallar ótvírætt á konur og á karla í umræðu um uppeldis- og umönnunarstörf. Því er mikilvægt að hafa í huga við alla umfjöllun í orði og mynd að ekki halli á annað kynið um leið og hinu kyninu er hampað.

Gildi nafngreininga og annarra staðreynda

Gildi nafngreininga og tíðni þeirra er ótvíræð fyrir skilning okkar á samfélaginu og skráningu sögunnar. Endurtekning og tíðni nafngreininga hefur áhrif á túlkun á atburðarás og þýðingu viðburða og ákvarðana. Þar á hlutdeild kynja að vera sem jöfnust. Gætum þess að geta þeirra með nafni og starfsheiti sem koma að viðburðum og öðru í starfsemi borgarinnar.



Siðferði og ábyrgð

Upplýsingamiðlun og almannatengsl krefjast almennrar kurteisi, virðingu, samstarfsvilja og hlutlægni. Okkur ber sem borgarstarfsmönnum skylda til að vinna af heilindum með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi og virða trúnað við einstaklinga.

Í siðareglum starfsmanna Reykjavíkurborgar er kveðið á um skyldur starfsfólks í garð borgara í 2. grein: **Starfsfólk hefur ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum og gætir þess að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för í starfsemi Reykjavíkurborgar. Þannig gætir starfsfólk þess að mismuna ekki eða misbjóða virðingu borgara á grundvelli stjórnmálaskoðana, þjóðernis, trúarbragða, uppruna, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, fötlunar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti. Þessar siðareglur eru rammi utan um alla upplýsingagjöf og miðlun á vegum borgarinnar.**

Ólíkir faghópar innan borgarinnar hafa jafnframt sett sér siðareglur þar sem kveðið er á um trúnað við skjólstæðinga og virðingu, s.s. skólastarfsfólk, félagsráðgjafar og sálfræðingar. Þá geta stjórnendur farið fram á trúnað um tiltekin málefni og fagstarf. Trúnaður gildir um öll samskipti er snúa að starfinu, líka í frítímanum, s.s. á samskipta- og samfélagsmiðlum.

Það er á okkar ábyrgð að stuðla að umburðalyndi, jafnrétti og virðingu fyrir margbreytileika með því að virða siðareglur borgarstarfsmanna og okkar fagstéttar. Við tjáum okkur ekki um málefni einstaklinga, ólögráða barna eða annarra skjólstæðinga sem njóta þjónustu borgarinnar. En við getum minnt á siðferði og ábyrgð, haft siðareglurnar sem fast viðmið í allri upplýsingamiðlun og leitast við að breyta neikvæðum viðhorfum og gildum.

Gátlisti

- Fréttir og annað efni sem birt er undir merki Reykjavíkurborgar, hvort heldur er í texta eða mynd, á að endurspegla hlutleysi og virðingu fyrir uppruna, menningu og trú og félagslegum aðstæðum þeirra sem um er fjallað.
- Útgefið efni á vegum borgarinnar á að endurspegla eins og kostur er margbreytileika mannlífsins og fjölmenningu í borginni. Við vinnum gegn fordómum með því að láta sjónarhorn ólíkra samfélagshópa fá að njóta sín.
- Allar lykilupplýsingar um þjónustu borgarinnar eiga að vera til á ensku og öðrum tungumálum eftir því sem við á.
- Allt efni á vegum borgarinnar sem gefið er út á erlendum tungumálum skal jafnframt vera til á íslensku. Erlendan texta skal birta samhliða íslenskum texta til að auðvelda gagnkvæman skilning í þjónustu. Tilgreina skal með þjóðfána eða í texta á hvaða tungumáli efnið er.
- Misvirðið ekki í orði eða mynd fólk af erlendum uppruna, s.s. með gildishlöðnum lýsingum, óþarfa tilgreiningu á þjóðerni eða myndbirtingum í óþökk þess.
- Verum vakandi fyrir hlutdeild kynja í öllu birtu efni á vegum borgarinnar, hlutdeild kynja í nafngreiningum, birtingum kynja á myndum og tíðni þeirra.
- Leitumst við að varpa í orði og mynd ljósi á fjölbreytt viðfangsefni kvenna og karla og vinnum þannig gegn úreltum staðalímyndum kynja.
- Miðlum til fjölmiðla margvíslegri þekkingu á gildi jafnréttis og margbreytileika og leiðum til úrbóta. Hér undir fellur t.d. tölfræði og aðrar rannsóknir sem gerðar eru á vegum fagsviðanna. Gerum athugasemdir þegar við teljum fjallað á ósmekkleган eða ómálefnalegan hátt um hópa fólks eða að þeim sé mismunað vegna uppruna, trúar, kyns, kynhneigðar, aldurs, hæfni eða annarra þátta. Senda má athugasemdir á mannréttindaskrifstofu á netfangið mannrettindi@reykjavik.is

Myndbirtingar

- Leitumst við að birta myndir af alls konar fólki í fjölbreyttum hlutverkum. Konur í leiðandi hlutverkum og óhefðbundnum kvennastörfum eru öðrum mikilvæg fyrirmynd, sem og karlar í óhefðbundnum karlastörfum.
- Sýnum einstaklinga með ólíka færni og getu, fatlað fólk og ófatlað fólk saman við leik og störf. Hlúum þannig að þeim viðhorfum að fatlað fólk eigi að hafa möguleika til jafns við ófatlaða.
- Birtum myndir af fólki með ólíkt útlit og á ýmsum aldri en ekki eina sér eða eingöngu með öðrum sér líkum.

- 
- Gætum þess í myndbirtingum að jafnræði sé á milli kynja þegar nafngreindir einstaklingar eru tilgreindir og að hlutfall kvenna og karla (stúlkna og drengja) á myndum sé eins jafnt og kostur er.
 - Birtum ekki myndir af einstaklingi í mynd án samþykkis hans. Ef um barn er að ræða þarf samþykki foreldris/forráðamanns.

Orðalag

- Forðist að draga upp misvísandi mynd af viðburðum eða atburðarás með villandi orðalagi um uppruna fólks, kyn, kynhneigð eða annað sem ekki hefur þýðingu fyrir efnið.
- Forðist að nota gildishlaðið orðalag eða lýsingar sem ýta undir eða styrkja þá skoðun að karlar hafi meiri völd en konur.
- Hlutgerið ekki konur með orðum eða lýsingum á útliti þeirra hafi það ekki þýðingu fyrir efnið.

Starfsauglýsingar

- Líkt og fram kemur í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar skal í öllum auglýsingum á vegum stofnana og fyrirtækja borgarinnar gæta jafnræðis allra hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Í stefnunni segir að í auglýsingum borgarinnar eigi að koma fram að innflytjendur séu hvattir til að sækja um störf hjá borginni.
- Orðalag auglýsinga hvetji frekar en letji bæði konur og karla, hinsegin fólk, fólk á ólíkum aldri og uppruna til að sækja um. Birta skal eftirfarandi texta í öllum starfaauglýsingum: **Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf.**
- Í myndavali skal hafa það að leiðarljósi að vinna gegn staðalmyndum um hefðbundin karla og kvennastörf.

Lykilspurningar

Textar

- Endurspeglar textinn hlutleysi og virðingu fyrir uppruna, menningu, trú og félagslegum aðstæðum þess sem fjallað er um?
- Endurspeglar textinn eins og kostur er margbreytileika mannlífsins og fjölmenningu í borginni?
- Þarf textinn líka að vera til á ensku og öðrum tungumálum til að ná til markhópsins?
- Eru í textanum gildishlaðnar lýsingar eða orðalag sem á einhvern hátt eru meiðandi fyrir tilgreinda samfélagshópa?
- Má í textanum finna misvísandi eða villandi orðalag um uppruna fólks, kyn, kynhneigð eða annað sem hefur ekki þýðingu fyrir atburðarás eða viðburði?
- Getur textinn stuðlað að auknum skilningi á margbreytileika og unnið gegn staðalímyndum?
- Endurspeglar textinn jafnan hlut karla og kvenna?
- Birtast nöfn kvenna og karla og starfsheiti jafn oft í textanum?
- Eru konur eða aðrir hópar hlutgerðir með orðum eða lýsingum á útliti sem hafa ekki þýðingu fyrir efnið?
- Eru í textanum gildishlaðin orð eða má í honum finna lýsingar sem ýta undir eða styrkja úreltar hugmyndir um völd og áhrif karla umfram konur?

Myndefni

- Endurspeglar myndefni hlutleysi og virðingu fyrir uppruna, menningu, trú og félagslegum aðstæðum þess sem fjallað er um?
- Endurspeglar myndin eins og kostur er margbreytileika mannlífsins og fjölmenningu í borginni?
- Er hlutfall kvenna og karla jafnt í myndefninu og eru jafn margar myndir af konum og körlum?
- Tekur myndefnið mið af alls kyns fólki í alls kyns hlutverkum, s.s. af konum í leiðandi hlutverkum og körlum í uppeldisstörfum, og vinnur þar af leiðandi gegn staðalímyndum?
- Birtist fatlað fólk við leik og störf jafnt sem ófatlað fólk í myndefninu?
- Er myndin hópmynd eða er nauðsynlegt að fá leyfi fyrir birtingu myndar hjá viðeigandi einstaklingi eða forráðamönnum hans?



Reykjavíkurborg

2014